

Reglugjörð

53
3. maí

um breyting á viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918.

Fyrirsögn XV. kafla í fjallskilareglugjörðinni breytist og hljóði þannig:
»Um rekstur og eftirlit sölu- og slátrunarfjenaðar.«

Aftan við 68. gr. reglugjörðarinnar komi:

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa eins og hjer segir: Þegar sauðfje er keypt á mörkuðum, skulu hreppsnefndir í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um að gætinn og markglöggur maður fylgi markaðshöldurum eftir og skoði mörk á öllu því fje, sem selt er.

Í kaптúnunum skulu þeir, er við fje taka til slátrunar hafa sjerstakan mann, gætinn og markglöggan, til þess að skoða mörk á öllu því sauðfje, er hjá þeim er slátrað. Komi fyrir við þessar skoðanir á mörkuðum eða í kaптúnunum kindur með óglöggum mörkum, eða sem vafi getur leikið á hvort sje rjett eign seljanda, skulu markskoðendur við votta skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar svo og skýringar seljanda og senda þær svo fljótt sem unt er til hreppstjóra í þeim hreppi, sem seljandi á heima.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar til þess að skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignar-rjett, skal fara með það eins og áður er fyrirmælt um sauðfje.

Borgun til þeirra manna, er skoða fjármörkin í sveitunum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, en til þeirra, er skoða hrossamörk, úr sýslusjóði. Þeir er fje taka til slátrunar, kosta sjálfir þann mann, sem mörkin skoða.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

I stjórnarráði Íslands, 3. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.